

22

22. marz

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1. september“ í 3. tölul. 16. gr. laganna kemur: 15. september.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 22. marz 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Bjarni Ásgeirsson.*

23

21. marz

## AUGLÝSING

um framboð og kjör forseta Íslands.

Kjör forseta Íslands skal fara fram sunnudaginn 26. júní 1949.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómismálaráðuneytinu ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningabærra manna og mest 3000, er skiptist þannig eftir landsfjórðungum:

Úr Sunnlendingafjórðungi (V.-Skaftafellssýslu—Borgarfjarðarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 890 meðmælendur, en mest 1780.

Úr Vestfirðingafjórðungi (Mýrasýslu—Strandasýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 200 meðmælendur, en mest 400.

Úr Norðlendingafjórðungi (V.-Húnavatnssýslu—S.-Þingeyjarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 285 meðmælendur, en mest 570.

Úr Austfirðingafjórðungi (N.-Þingeyjarsýslu—A.-Skaftafellssýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 125 meðmælendur, en mest 250.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36 12. febrúar 1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

*Forsælisráðuneytið, 21. marz 1949.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Birgir Thorlacius.*